

Nd.

268. Frumvarp til laga

[42. mál]

um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Verðgæzlustjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 9. gr. laga nr. 35/1950 gildi einnig um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu.

2. gr.

Skýlt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvisir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar skyldu.

3. gr.

Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvisitalan byggist á.

4. gr.

Nefnd sú, er um getur í 2. gr. laga nr. 35/1950, hefur rétt til að fá upplýsingar og skýrslur frá verðgæzlustjóra um verðlag og verðgæzlu. Hefur hún tillögurétt um þessi mál.

Verðgæzlustjóri skal mæta á fundum nefndarinnar, er hún óskar þess, til umræðu um verðlagsmál.

5. gr.

Nefndinni skulu sendar skýrslur þær um samanburð á verðlagi og gæðum innlendra og erlendra iðnaðarvara, er verðgæzlustjóri sendir ársfjórðungslega til fjárhagsráðs, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1950.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.